



Fundargerð

ÁRSFUNDAR

Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2023

Haldinn mánudaginn 17. apríl 2023 kl. 13:00

í Sigtúni 42, Reykjavík

Varaformaður stjórnar, Jakobína Þórðardóttir, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Fundargestir voru 10 alls, stjórn, starfsfólk og einn gestur.

1. Skýrsla stjórnar

Varaformaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Fundarstjóri, ágætu fundarmenn og sjóðfélagar.

Eftir miklar hækkanir á verðbréfamörkuðum undanfarin ár varð mikill viðsnúningur á árinu 2022. Óvissa vegna stríðsins í Úkraínu, þróun orkumála í Evrópu, há verðbólga og ítrekaðar stýrivaxtahækkanir leiddu til hækkunar á ávöxtunarkröfu á skuldabréfamörkuðum og eignamarkaðir lækkuðu, bæði skuldabréf og hlutabréf. Þessi þróun var mjög óhagstæð fjárfestum sem endurspeglast svo greinilega í ávöxtun sjóðsins á árinu 2022 en nafnávöxtun sjóðsins á árinu var neikvæð um 1,7% og raunávöxtun neikvæð um 10,1%. Meðaltal raunávöxtunar síðastliðinna 5 ára er 1,4% og 10 ára meðaltalið er 2,8%.

Rekstur sjóðsins 2022

Í árslok 2022 voru heildareignir sjóðsins tæpar 87,6 ma.kr. en þær lækkuðu um 5,2 ma.kr. á milli ára. Fjárfestingatekjur voru neikvæðar um 1,3 ma.kr. og rekstrarkostnaður var 178 m.kr. Nánar verður greint frá ársreikningi sjóðsins síðar á fundinum.

Á árinu 2022 greiddu 191 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali á mánuði samanborið við 218 árið á undan og fjöldi sjóðfélaga voru í árslok 15.752 samanborið við 15.925 árið á undan.

Heildargreiðslur lífeyris á árinu námu tæpum 6,7 ma.kr. en voru 6,2 ma.kr. á árinu áður. Að meðaltali greiddi sjóðurinn mánaðarlegan lífeyri til 3.581 sjóðfélaga en voru á árinu 2021 að meðaltali 3.684.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg athugun fyrir árið 2022 sýnir að áfallnar skuldbindingar umfram eignir nema tæpum 40 ma.kr. en heildarskuldbindingar umfram eignir nema um 41,6 ma.kr. ef ekki er tekið tillit til viðbótaiðgjalda sem launagreiðendur greiða. Á árinu greiddu launagreiðendur til sjóðsins viðbótariðgjöld að fjárhærð 2,7 ma.kr. og ef tekið er tillit til þeirra eru heildareignir umfram heildarskuldbindingar um 15,5 ma.kr. Til að laga þessa stöðu hefur stjórn sjóðsins lagt fram tillögu að viðbótaruppgjöri á skuldbindingum borgarinnar á móti skuldabréfum sem borgin setti inn í sjóðinn við sölu á eignarhlut hennar í Landsvirkjun.



Nánar verður greint frá tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins síðar á fundinum.

Stjórn

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er stjórnin skipuð fimm stjórnarmönnum og tveimur varamönnum. Reykjavíkurborg skipar þrjá stjórnarmenn og tveir eru skipaðir af Sameyki. Skipunartími stjórnarmanna er fjögur ár og tók ný stjórn til starfa í september 2022 og er þetta því fyrsti ársfundur núverandi stjórnar.

Stjórn sjóðsins er þannig skipuð að fyrir hönd Reykjavíkurborgar sitja þau Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður, Aðalsteinn Haukur Sverrisson og Maríjon Ósk Nóadóttir. Varamaður er Helgi Áss Grétarsson. Frá Sameyki sitja þau Jakobína Þórðardóttir, varaformaður og Gunnar Rúnar Matthíasson en Kolbrún Hauksdóttir er varamaður.

Á árinu 2022 voru haldnir 10 fundir.

Endurskoðunarnefnd sjóðsins starfaði á árinu samkvæmt starfsskyldum sínum og fundaði nefndin fimm sinnum á árinu 2022. Í endurskoðunarnefnd frá nóvember 2022 sitja þau Rannveig Tanya Kristinsdóttir, Aðalsteinn Haukur Sverrisson og Sigurrós Ásta Sigurðardóttir.

Starf stjórnar hefur gengið vel og vil ég nota þetta tækifæri og þakka bæði fyrrverandi og núverandi stjórn og starfsfólki sjóðsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.

Ég legg þá tillögu fyrir fundinn að fundarstjóri verði Þóra Jónsdóttir og fundarritari Birna Bjarnþórsdóttir.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir, en ársfundurinn var auglýstur í Morgunblaðinu 23. mars sl. og á heimasíðu sjóðsins. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlið sem var yfirferð framkvæmdastjóra á ársreikningi sjóðsins.

2. Ársreikningur 2022

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og greindi frá því að ársreikningurinn er birtur á heimasíðu sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn með fyrirvaralausri áritun.

Hrein eign til greiðslu lífeyris lækkaði um 5.271 m.kr. og var 87.180 m.kr. í árslok 2022, sem samsvarar neikvæðri nafnávöxtun um 1,7% og neikvæðri raunávöxtun um 10,1%. Meðalraunávöxtun sjóðsins til fimm ára er 1,4% og síðustu 10 ára 2,8%.

Við yfirferð á iðgjöldum kom fram að iðgjöld sjóðfélaga lækkuðu um 11,5% milli ára en framlag launagreiðenda lækkaði um 5,4%. Samtals námu iðgjöld ársins 2.948 m.kr. en voru 2.648 m.kr. á árinu 2021. Lífeyrisgreiðslur voru 6.711 m.kr. og hækkuðu um 8,3% á árinu. Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 7,2% á árinu 2022 en um 6,1% á árinu 2021. Ellilífeyrir vegur sem fyrr þýngst og var 84,1% af greiddum lífeyri á árinu, makalífeyri 12,4% en örorkubyrði sjóðsins var 3,5% af greiddum lífeyrir. Virkum sjóðfélögum fækkar ár frá ári en á árinu



2022 greiddu 191 að meðaltali inn í sjóðinn. Lífeyrisþegum fækkaði einnig á árinu og voru að meðaltali 3.581 á árinu en 3.684 á árinu 2021. Í lok ársins áttu 15.752 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.

Nettó fjárfestingatekjur sjóðsins 2022 voru neikvæðar um 1.330 m.kr. samanborið við jákvæðar um 9.108 m.kr. 2021 og lækkuðu þannig um 10.437 m.kr. milli ára.

Rekstrarkostnaður sjóðsins var 178 m.kr. á árinu 2022 og lækkaði um 13,7 m.kr. milli ára sem skýrist einkum af rekstrarsamningnum við Brú, en hlutdeild í rekstri er skipt eftir áfallinni skuldbindingu í lok fyrra árs og fer hlutfall sjóðsins lækkandi ár frá ári.

Ávöxtun á árinu 2022 var slæm og versta raunávöxtun sjóðsins frá aldamótum. Helstu ástæður lakrar ávöxtunar eru eftirköst heimsfaraldursins, mikil lækkun á öllum mörkuðum, stríðsátök í Úkraínu, óvissa um þróun orkumála í Evrópu, hækkandi verðbólga og hækkun vaxta. Árið var ekki hagstætt fyrir fjárfesta og lækkun var á öllum mörkuðum. Innlendur hlutabréfamarkaður lækkaði um 14,2% samanborið við 41,2% hækkun á árinu 2021 en einnig var lækkun á innlendum skuldabréfamarkaði.

Heildareignir sjóðsins voru 87.548 m.kr. í lok árs 2022. Skuldabréf, og þá einkum skuldabréf með ríkisábyrgð, eru sem fyrr veigamest í eignasafni sjóðsins. Breyting á samsetningu eignasafns sjóðsins er í samræmi við stefnu. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum sýnir að 87,5% er í íslenskum krónum. Kröfur samanstanda af iðgjaldakröfum og fyrirframgreiddum lífeyri. Ýmsar skuldir eru að stærstum hluta vegna ógreiddrar staðgreiðslu af lífeyrisgreiðslum um áramót.

Bókfært virði fjárfestinga var 86.150 m.kr. í árslok en var 91.407 m.kr. í árslok 2021, en á árinu var einkum fjárfest í innlendum hlutabréfum en einnig var keypt í erlendum skráðum hlutabréfasjóðum og í skuldabréfum lánastofnana. Útlán eru sjóðfélagalán og keypt veðskuldabréf fyrirtækja og sveitarfélaga og voru útlán til sjóðfélaga 70 m.kr. og lækkuðu um 26% á árinu vegna uppgreiðslu á lánum. Engin ný veðskuldabréf voru keypt á árinu.

Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárliðina.

Engar spurningar. Kynntur var næsti dagskrárliður og bauð fundarstjóri Gerði Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra sjóðsins að kynna skýrslu um tryggingafræðilega athugun.

3. Tryggingafræðilega athugun

Framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings á stöðu sjóðsins í árslok 2022. Árlega er gerður samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum er byggt á forsendum sem eru háðar óvissu.

Farið var yfir aðferðafræði og helstu reikniforsendur útreikninga en þær eru óbreyttar frá fyrra ári og samþykktum sjóðsins var ekki breytt á árinu 2022. Grunnur lífslíkna er byggður á reynslu lífeyrissjóða árin 2014–2018 en auk þess er gert ráð fyrir að dánartíðni lækki ár frá ári í samræmi við reiknilíkan FÍT. Mat skuldbindinga sjóðsins hækkar nokkuð, en þó minna en hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum vegna þess að meðalaldur sjóðfélaga sjóðsins er með því hærra sem gerist. Örorkubyrði sjóðsins er lítil og miðað er við meðaltal úr athuguninni fyrir örorkulíkur karla en 67% fyrir konur. Við mat á rekstrarkostnaði er notuð frávíkisaðferð vegna þess að líftími sjóðsins er styttri en líftími sjóða sem opnir eru nýjum sjóðfélögum og gert er ráð fyrir að kostnaður verði sama hlutfall



af skuldbindingum sjóðsins til framtíðar núvirt með 3,5% vöxtum en ekki í samræmi við leiðbeiningar um óbreyttan kostnað í 50 ár.

Sjóðurinn nýtur bakábyrgðar sveitarfélagsins. Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld og ávöxtun eigna dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Reykjavíkurborg og aðrir launagreiðendur greiða aukaframlag sem nemur 74% af greiddum lífeyri.

Heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 15,5 ma.kr. Áfallnar skuldbindingar, það eru réttindi sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér, eru um 125,9 ma.kr. Framtíðar skuldbindingar, þ.e. áætluð réttindi sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér, eru 2,8 ma.kr. Skuldbindingar samtals eru um 128,7 ma.kr. en eignir eru samtals 144,3 ma.kr. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er því jákvæð upp á 12,1%.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlið. Engar spurningar. Fundarstjóri bauð Svandísi Rún Ríkarðsdóttur, sviðstjóra eignastýringar að fara yfir næsta dagskrárlið.

4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt

Svandís Rún Ríkarðsdóttir sviðsstjóri eignastýringar kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2023. Hún vakti athygli á því að fjárfestingarstefnan er birt á heimasíðu sjóðsins og hluthafastefna og stefna um ábyrgar fjárfestingar eru hluti af fjárfestingarstefnunni. Fjárfestingarstefna sjóðsins er samþykkt í nóvember ár hvert af stjórn sjóðsins og lögum samkvæmt send til Fjármálaeftirlitsins fyrir 1. desember.

Fram kom að markmið stjórnar er að hafa varkára fjárfestingastefnu svo ekki reyni frekar á bakábyrgð Reykjavíkurborgar en jafnframt að ávaxta eignir sjóðsins á hagkvæman hátt með uppbyggingu eigna að leiðarljósi. Eignasamsetning sjóðsins er í samræmi við lög og stefnur, sbr. heimildir VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áhersla er lögð á að stýra eignum sjóðsins með faglegum hætti og vanda til þeirrar vinnu sem liggur að baki ákvörðunum um fjárfestingar. Við ákvörðun um samsetningu eigna í fjárfestingarstefnu sjóðsins er horft til stefnu um eignaflokka, núverandi ávöxtunar og möguleika til ávöxtunar, væntanlegrar útgáfu og skráningar og annarra þátta sem talið er að kunni að hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi og greiningu á skuldbindingum sjóðsins og áætlun um greiðsluflæði.

Hlutfall ríkisbréfa heldur áfram að dragast saman og áframhaldandi skref eru tekin til að auka vægi hlutabréfa í stefnu sjóðsins. Horft er til þess að aukning í þessum eignaflokki muni halda áfram næstu árin enda hentar hann vel til uppbyggingar eigna. Gert er ráð fyrir að vægi erlendra hlutabréfa haldi áfram að aukast í eignasafni sjóðsins og vægi skuldabréfa dragist saman.

Stefnan er sett fram fyrir hvern eignaflokk ásamt vikmörkum sem ætlað er að grípa þær sveiflur sem geta orðið í markaðsvirði eignaflokka auk þess að gefa svigrúm til þess að stýra eignum eftir markaðsaðstæðum. Stefnan er einnig sett fram í samandreginni útgáfu sem dregur fram heildarhlutfall, annars vegar skuldabréfa og innlána sem er nú 71% og hins vegar hlutabréfa og fagfjárfestasjóða sem er núna 29%.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlið.

Engar spurningar. Fundarstjóri fór yfir næsta dagskrárlið.



5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er stjórnin skipuð fimm stjórnarmönnum og tveim varamönnum. Borgarráð Reykjavíkurborgar skipar formann stjórnar, tvo aðalmenn og einn varamann en Sameyki skipar varaformann stjórnar, einn aðalmann og einn varamann. Skipunartími stjórnarmanna er fjögur ár.

Aðalmenn í stjórn sjóðsins frá september 2018 fram til loka ágúst 2022 voru þau Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður, Ása Clausen, Janus Arn Guðmundsson, Rannveig Ernudóttir og Þorgrímur Hallgrímsson. Fram til loka ágúst voru haldnir 6 stjórnarfundir.

Ný stjórn tók til starfa í september 2022 og var þannig skipuð; Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður, Jakobína Þórðardóttir, varaformaður, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Janus Arn Guðmundsson, Kolbrún Hauksdóttir sem aðalmenn og varamenn þau Gunnar Rúnar Matthíasson og Jórunn Pála Jónasdóttir. Ný stjórn hélt 4 stjórnarfundir frá september til ársloka 2022.

Í febrúar 2023 varð enn á ný breyting á stjórn sjóðsins þar sem Maríjon Ósk Nóadóttir kom inn sem aðalmaður í stað Janusar Arns Guðmundssonar og Gunnar Rúnar Matthíasson í stað Kolbrúnar Hauksdóttur sem varð varamaður. Þá var Helgi Áss Grétarsson skipaður varamaður í stað Jórunnar Pálu Jónasdóttur.

Á árinu 2022 varð breyting á endurskoðunarnefnd sjóðsins en fram til októberloka sátu þau Birgir Björn Sigurjónsson formaður, Ása Clausen og Gísli Hlíðberg Guðmundsson í nefndinni og funduðu þau 4 sinnum á árinu. Frá nóvember eru þau Rannveig Tanya Kristinsdóttir formaður, Aðalsteinn Haukur Sverrisson og Sigurrós Ásta Sigurðardóttir í endurskoðunarnefnd sjóðsins en þau funduðu 1 sinni á árinu.

Á árinu 2020 var tekin ákvörðun um að styrkja áhættustýring útivistunaraðila með ráðningu sérfræðings og á árinu 2022 var ráðinn annar sérfræðingur í áhættustýringu en með þeirri breytingu var tekið ákvörðun um að leggja niður áhættunefnd sjóðsins. Í áhættunefndinni voru þau Birgir Björn Sigurjónsson, formaður og Halldóra Káradóttir og funduðu þau 2 sinnum á árinu.

6. Kynning á breytingum á samþykktum sjóðsins

Fundarstjóri, sem er jafnframt sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs, greindi frá því að engar breytingar hafi verið gerðar á samþykktum sjóðsins á árinu 2022 en núgildandi samþykktir tóku gildi 1. desember 2021.

Ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar á samþykktum sjóðsins.

Önnur mál

Engin tillaga var lögð fram um önnur mál.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir í lok fundarins.

Fundarstjóri lagði til að hún og fundarritari fengju leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.



Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og bauð varaformanni stjórnar orðið til að slíta fundi.

Varaformaður stjórnar þakkaði stjórn og starfsfólki sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu og framsögufólki og gestum fyrir góðan fund og sleit að því loknu fundinum.

Fundi slitið kl. 13:30

Póra Jónsdóttir, fundarstjóri

Birna Bjarnþórsdóttir, fundarritari